



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel og matvælasúkólinn Leiðsögusúkólinn

Mennta- íþróttá- og barnamálaráðherra

Bæjarstjórn Kópavogs

Kópavogi 14. desember 2021

Ályktun skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi

Íþróttahús við Menntaskólann í Kópavogi

Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi fer þess á leit við stjórnvöld að hefja byggingu íþróttahúss við Menntaskólann í Kópavogi.

Greinagerð

Kópavogur hefur fyrir löngu markað sér sérstöðu sem íþróttabær á heimsmælikvarða. Hæfileikamótun félaga og árangur íþróttafólks úr Kópavogi er í fremstu röð eins og dæmin sýna.

Við skólann er nú starfrækt eitt öflugasta afreksíþróttasvið landsins í formlegu samstarfi við íþróttafélögin í Kópavogi. Námið er byggt á hugmyndafræði tvöfalds starfsferils (dual career) sem hefur rutt sér til rúms út um alla Evrópu. Markmiðið er að halda ungmennum lengur í skipulögðu íþróttastarfi, að samræma það kröfuhörðu námi og lífsleikni og veita þeim stuðning til að ná árangri í skóla og íþróttum. Aðsókn nemenda í afreksíþróttasvið skólans fer vaxandi og nú þegar stundar nám við skólann hópur af efnilegasta íþróttafólki landsins í fjölda íþróttagreina. Þar eru flestir úr Kópavogi, margir úr nágrennasveitafélögunum og dæmi eru um að ungt íþróttafólk hafi flutt utan af landi og erlendis frá til að stunda nám á afrekssviði Menntaskólans í Kópavogi

Í raun er afrekssvið MK orðið það öflugt að haustið 2021 stundaði þriðjungur landsliðsmanna U17 ára landsliðs karla í knattspyrnu nám við skólann, fjórðungur af U19 ára landsliði kvenna í handknattleik, tvær blakkonur sem voru valdar í úrvalslið Norðurlanda í U17 ára flokki sem og dansarar, listskauta og skíðafólk sem er í fremstu röð á Íslandi. Þessir nemendur hafa ekki einungis sett svip sinn á sviðið heldur einnig á skólann. Á stuttum tíma hefur orðið til eitt öflugasta afrekssvið Norðurlanda, og var

uppgangur þess meðal annars kynntur sérstaklega á ráðstefnu Evrópusamtaka um nám og íþróttir (EAS) í Lissabon í haust.

Í Menntaskólanum í Kópavogi er fjölbreyttur hópur nemenda. Skólinn býður upp á nám á framhaldsskólabrú fyrir nemendur sem hafa ekki lokið fullnægjandi árangri úr grunnskóla og við skólann er starfsbraut sérhæfð fyrir nemendur með einhverfu. Stór hluti nemenda við skólann eru svo verknámsnemendur í matvælagreinum. Nemendur Menntaskólans í Kópavogi eru þannig af öllum gerðum og þarfir þeirra eru mismunandi.

Samkvæmt aðalnámsskrá framhaldsskóla ber nemendum að taka 4 einingar í íþróttum, bæði til stúdentsprófs og til lokaprófs í verknámi. Um árabíl hefur ekki verið starfandi íþróttakennari við skólann og vegna aðstöðuleysis hefur skólinn þurft að vísa nemendum í önnur úrræði og hefur þannig ekki viðunandi yfirsýn og áhrif á íþróttaiðkun/hreyfingu nemenda í almennu námi við skólann. Rannsóknir sýna að forvarnargildi skipulagðra íþróttaminnkar verulega þegar ungmennti fara án eftirlits í almennar líkamsræktarstöðvar í stað þess að vinna undir handleiðslu sérhæfðs kennara.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á að vera heilsueflandi framhaldsskóli, þannig er til að mynda lagt mikið upp úr því að bjóða nemendum og starfsfólki upp á hollan og góðan mat og allir nemendur verða að taka sérstakan lýðheilsuáfang á námsferli sínum. Menntaskólinn í Kópavogi og íþróttafélögin í Kópavogi eru í kjörstöðu til að verða miðpunktur í hæfileikamótun fyrir ungt fólk í íþróttum. Framtíðin í hæfileikamótun snýst um að gefa ungu fólki möguleika á að þroskast í skipulögðu íþróttastarfi eins lengi og mögulegt er, með nánum tengslum við skóla. Til þess þarf metnaðarfulla aðstöðu sem nýtist bæði þeim sem ætla að skara fram úr á íþróttasviðinu, sem og öðrum nemendum sem við viljum kenna heilbriggt líferni með hollri hreyfingu í jákvæðu umhverfi.

Fyrir hönd skólanefndar MK,



Guðmundur Birkir Þorkelsson
formaður skólanefndar



Guðríður Eldey Arnardóttir
skólameistari